



Fréttabréf Prentsöguseturs

1. tölublað – 4. árgangur – Febrúar 2023



Gamla prentsmiðjan eins og hún var sem stæðilegust og þegar langt var komið með að tæma húsnæðið. Hægra megin standa nokkrir stjórnarmenn og sjálfboðaliðar við flutningana; Þorkell Svarfdal, Anča Z Linková bókbindari frá Tékklandi, Jón Trausti Harðarson, Ágúst Guðjónsson, Katrín Jónsdóttir, Kristján G. Kristjánsson, Heimir Örn Gunnarsson, Tryggvi Þór Agnarsson, en á myndina vantar Þórleif V. Friðriksson. *Ljósm. Grímur Kolbeinsson*

Gamla prentsmiðjan tæmd og geymist

Ágúst á síðasta ári var stjórn Prentsöguseturs tilkynnt að tæma þyrfti kjallaran í Brynjuportinu fyrir áramót. Að Gamla prentsmiðjan þyrfti að víkja. Ástæðan var fyrirhuguð sala alls húsnæðisins á svæðinu. Þrír mánuðir voru í raun ágætis tími, en vandinn reyndist vera að annað hentugt húsnæði var ekki að finna. Í boði var um tíma verslunarhúsnæði við Laugavegin, en það hentaði ekki. Sent var bréf til

menningarnefnda Reykjavíkurborgar og annarra nærliggjandi sveitarfélaga (Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Árborg) en án árangurs. Ósk okkar um samstarf var hafnað, þar sem á annað borð bárust formleg viðbrögð.

Því var ljóst að eina ráðið í stöðunni var að setja tæki og tól í geymslu og bíða þess að húsnæði finndist. Nokkrum tækjum

úr kjallaranum var fargað en önnur flutt í gáma.

Það er talsvert mál að flytja svona umfangsmikla starfsemi og var samþykkt að ráða Þorstein Veturlíðason til að sjá um og stjórna flutningi stærstu tækja, en að öðru leyti sáu stjórnarmenn og sjálfboðaliðar úr félaginu um verkið.

Í miðopnu blaðsins eru nokkrar myndir, fyrir og eftir flutningana. *-hm*

Styttist í að húsnæðið í Skálholti verði tilbúið

Við erum öll búin að bíða lengi eftir því að húsnæði sögusýningar í Skálholti verði opnað í Gestahúsi staðarins. Að sögn sr. Kristjáns Björnssonar, vígslubiskups og staðarhaldara í Skálholti verður húsnæðið að öllum líkindum afhent Prentsögusetri í apríl eða maí, tilbúið til uppsetningar sýningarinnar. Einn maður, múrari, hefur verið að vinna við standsetningu hússins undanfarna mánuði, vegna erfiðleika við

að fá iðnaðarmenn. Eins og sr. Kristján orðaði það í spjalli við mig: „Lýður múrari er búinn að vera að múra á fullu og flota gólf.“ Og nú sjá menn loks fram á verklok. Þegar að því kemur að hefja uppsetningu sýningarinnar hefst verulega krefjandi verkefni í samvinnu við sýningarhönnuð og staðarhaldara.



-hm
Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup kynnir hér hugmynd um framtíðarskipulag Gestahúss.

Pegar Gamla prentsmiðjan var tæmd







Sögugangan heimsótti Gömlu prentsmiðjuna

Fjölmenntur hópur áhugafólks um menningu og sögu Reykjavíkurborgar kom við í Gömlu prentsmiðjunni á göngu sinni um sögufræga staði miðborgarinnar í fyrrihaust. Ágúst Guðjónsson, stjórnarmaður í Prentsögusetri var með í ferð og tók þessar myndir af gestunum. Einnig voru þeir þarna til leiðbeiningar Heimir Br. Jóhannsson og Kjartan Gunnþórsson. Þetta starfsumhverfi var algjör nýbreytni fyrir flesta gestina og mikið var spurt og spjallað.





Stofnfundargerð Víkingsprents

Prentsögusetur fékk ýmiss konar gögn og tæki til varðveislu frá prentsmiðjunni Hjá Guðjón Ó þegar húsnæði hennar í Þverholtinu var rífið svo koma mætti fyrir fjölbýlishúsi. Þar var margt skemmtilegt að skoða, tæki, tól og rit af ýmsu tagi. Þar á meðal var þessi stofnfundargerð Víkingsprents frá 1. febrúar 1938.

Líður að aðalfundi Prentsöguseturs

Aðalfundur Prentsöguseturs árið 2023 verður haldinn 23. mars nk. í Húsi fagfélaganna, að Stórhöfða 31, Reykjavík. Gengið inn Grafarvogsmegin.

Á dagskránni verða venjuleg aðalfundarstörf; árið gert upp í skýrslu stjórnar, kosin stjórn og samþykktar lagabreytingar ef tillögur þar um eru samþykktar.

Það er ljóst að á þessum fundi

verða nokkrar breytingar á stjórn félagsins. Vitað er að þeir stjórnarmenn gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa auk þess sem formaður félagsins hefur lýst því yfir að hann hyggist nú gera alvöru úr því að hætta; hann ætlaði að gera það fyrir ári vegna anna við annað verkefni en lét undan þrýstingi um að hann yrði áfram.

Vert er að minna á að hafi félags-

menn áhuga á að breyta lögun Prentsöguseturs þurfa tillögur þar um að berast stjórn félagsins a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund.

-hm